STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR FÖNIX (SALASKÓLA) 2024-2025

FÖNIX

FÉLKÓ
Félagsmiðstöðvar Kópavogs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.10 2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar 3
Félagsmiðstöðvadagatal 3
Starfið í vetur 4
Viðburðir 4
Hópastarf 5
Sumaropnun félagsmiðstöðvar 5
Barna- og unglingaráð 6
Félkó ráð 6
Ungmennaráð Kópavogs 6
Ungmennaráð Samfés 6
Foreldrasamstarf 7
Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar (frístundadeild) 2023 7
Verkferlar 7
Ytra og innra mat 8
Umbótaáætlun 8
Fjöldatölur veturinn 2023-2024 11
Starfsfólk 11

Commented [AKÓ1]: Á ekki að taka út blaðsíðu tal fyrir Fjölmenningarfræðslu og viku 6, er ekki nóg að hafa bara blaðsíðu tal ,,Símenntunar,, 😊

Commented [TH2R1]: Jú, ég bara kann það ekki haha

Skjal sótt af '0000000001' dags: 24.10 2026

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Fönix er staðsett í Salaskóla að Versölum 5 og þjónustar börn og unglinga í 5. – 10. bekk. Fjöldi barna og unglinga sem félagsmiðstöðin þjónustar er 355. Forstöðukona í Fönix er Tinna Heimisdóttir. Síminn í Fönix er 696-1627 og netfang forstöðukonu er tinnaheimis@kopavogur.is

Á mánudögum klukkan 17:00-18:30 fer fram sértækt hópastarf og klúbbastarf fyrir 8.-10.bekk og svo opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00. Á miðvikudögum er opið fyrir miðstig frá kl. 17:00-18:30. Svo er opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00 fyrir 8.-10.bekk. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 19:30-22:45. Mánudaga til fimmtudaga er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir. Opnanir geta raskast vegna funda og fræðslu starfsfólks.

Félagsmiðstöðvadagatal

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 F		1 S		1 Þ	Forst.fundur	1 F	Rafíþróttanótt Samfés/Pelikó	1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 L	Skíðaferð / Stíll	1 Þ	Forst.fundur	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 S	Sjómannadagurinn
2 F		2 M		2 M		2 L	Rafíþróttanótt Samfés/Pelikó	2 M		2 F		2 S		2 S	Skíðaferð	2 M	Dara á söngkeppni Samfés	2 F	Samfés ball	2 M	
3 L		3 Þ	Fundur - öll (Sara)	3 F		3 S	Rafíþróttanótt Samfés/Pelikó	3 Þ	Fundur - öll	3 F	Starfsdagur í skólunum / Opnun	3 M		3 M	Bolludagur	3 F		3 L	Samfés söngkeppnin	3 Þ	
4 S		4 M		4 F	Landsnótt Samfés	4 M		4 M		4 L		4 Þ	Forst.fundur	4 Þ	Sprengidagur / Forst.fundur	4 F		4 S		4 M	
5 M	Frískólar versluninni mínna	5 F		5 L	Landsnótt Samfés	5 Þ	Fundur - öll	5 F		5 S		5 M		5 M	Öskudagur	5 L		5 M		5 F	
6 Þ		6 F		6 S	Landsnótt Samfés	6 M		6 F	Opnun	6 M	Þrettándinn	6 F		6 F		6 S		6 Þ	Fundur - öll	6 F	Skólaslit
7 M		7 L		7 M	Starfsdagur í skólunum / Foreldraviðtöl	7 F		7 L		7 Þ	Forst.fundur	7 F		7 F		7 M		7 M		7 L	
8 F		8 S	Dagur læsis	8 Þ	Fundur - öll	8 F	Ball /Open	8 S		8 M		8 L	Tvennab	8 L		8 Þ	Fundur - öll	8 F		8 S	Hvítasunnudagur
9 F		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 S		9 M	Aðalfundur Samfés	9 F	Opnun/Samfés ball	9 M	Annar í hvítasunnu
10 L		10 Þ	Fundur - öll	10 F		10 S		10 Þ	Forst.fundur	10 F	Fæð valt frá 23.12 / Samfés ball	10 M		10 M		10 F	Aðalfundur Samfés	10 L	Samfés söngkeppnin	10 Þ	
11 S		11 M	Starfsdagur Samfés	11 F	Opnun	11 M		11 M		11 L		11 Þ	Fundur - öll	11 Þ	Fundur - öll	11 F	Opnun	11 S		11 M	
12 M		12 F	Starfsdagur Samfés	12 L		12 Þ	Forst.fundur	12 F		12 S		12 M		12 M	Starfsdagur í skólunum	12 L		12 M	Gelko	12 F	
13 Þ		13 F	Opnun	13 S		13 M	Starfsdagur í skólunum	13 F		13 M		13 F		13 F		13 S	Páleisunnudagur	13 Þ	Forst.fundur	13 F	
14 M		14 L		14 M	Félagsmiðstöðvaþungarokk	14 F		14 L		14 Þ	Fundur - öll	14 F	Opnun/Landsþing Samfés+	14 F	Opnun/Rafíþróttanótt Samfés	14 M	Páskafrí hefst í skólunum	14 M	Gelko	14 L	
15 F		15 S		15 Þ	Forst.fundur	15 F		15 S		15 M		15 L	Landsþing Samfés+	15 L	Rafíþróttanótt Samfés	15 Þ		15 F		15 S	
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 F		16 S		16 S		16 M		16 F	Starfsdagur í skólunum	16 M	
17 L		17 Þ	Forst.fundur	17 F		17 S		17 Þ	Fundur - öll	17 F	Ball/Opnun	17 M		17 M		17 F	Skírdagur	17 L		17 Þ	Lýðveldisdagurinn
18 S		18 M		18 F		18 M		18 M		18 L		18 Þ	Forst.fundur	18 Þ	Forst.fundur	18 F	Föstudagurinn langi	18 S		18 M	
19 M		19 F		19 L		19 Þ	Fundur - öll	19 F		19 S		19 M		19 M	Söngkeppni Pelikó	19 L		19 M		19 F	
20 Þ		20 F		20 S		20 M	Árgangaopnun	20 F	Opnun	20 M		20 F		20 F		20 S	Páskadagur	20 Þ	Starfsdagur forstöðumanna	20 F	
21 M	Starfsmannafundir / Velkomin til starfa	21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ	Forst.fundur	21 F		21 F		21 M	Annar í Páskum	21 M	Starfsdagur forstöðumanna	21 L	
22 F		22 S		22 Þ	Fundur - öll	22 F	Opnun/Rimmafaxdi	22 S		22 M		22 L		22 L		22 Þ	Fundur - öll	22 F		22 S	
23 F	Skólasetning / Velkomin til starfa/fæð valt	23 M	ítk	23 M		23 L		23 M	Fæð valt til 10.01 / borðkísmessa	23 F		23 S	Konudagur - upphaf Góu	23 S		23 M		23 F	Sumarhátíð - Opnun	23 M	
24 L		24 Þ	Fundur - öll	24 F	Vetrarfrí	24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Bóndadagur - fyrsti dagur þorra	24 M	Vetrarfrí	24 M		24 F	Sumardagurinn fyrsti	24 L		24 Þ	
25 S		25 M	ítk	25 F	Opnun/Vetrarfrí	25 M		25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Vetrarfrí / Fundur - öll	25 Þ	Fundur - öll	25 F	Opnun	25 S		25 M	Útlega
26 M	Fyrsta opnun vetrarins	26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ	Forst.fundur	26 F	Annar í jólum	26 S		26 M		26 M		26 L		26 M		26 F	Útlega
27 Þ		27 F	ítk	27 S		27 M		27 F		27 M		27 F		27 F		27 S		27 Þ	Forst.fundur	27 F	
28 M		28 L		28 M		28 F		28 L		28 Þ	Fundur - öll	28 F	Opnun/Skíðaferð	28 F	Opnun	28 M	Starfsdagur Hulastarfsmanna	28 M		28 L	
29 F		29 S		29 Þ	Forst.fundur	29 F		29 S		29 M				29 L		29 Þ	Forst.fundur	29 F	Upsetningardagur	29 S	
30 F	Opnun fæð til 23.ágúst	30 M		30 M		30 L	Jólahlaðborð	30 M		30 F				30 S		30 M		30 F		30 M	
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur	31 F	Opnun/Danskeppni Samfés			31 M				31 L			

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Starfið í vetur

Í vetur erum við líkt og áður með ólíkar áherslur fyrir miðstigsstarfið annars vegar og unglingastarfið hins vegar. Fyrir 5.-7.bekk er hver árgangur með opnun á miðvikudögum og hina miðvikudagana er opnun fyrir allt miðstigið. Á opnunum fyrir allt miðstigið reynum við að hafa skemmtilega viðburði sem henta öllum og á árgangaopnunum ætlum við að hafa afmarkaða dagskrá sem við munum kalla smiðjur og munum við nota Abler til þess að halda utan um skráningar á þær opnanir. Við búum dagskrána til í samráði við krakkana og reynum eftir bestu getu að höfða til fjöldans og endurtökum vinsælustu viðburðina. Dæmi um viðburði fyrir miðstigið er brjóstsykursgerð, tie dye bolamálun, spilaklúbbur, föndurklúbbur, útivistarklúbbur, ýmsar keppnir og fleira.

Í unglinga starfinu leggjum við áherslu á að vera með sértækt hópastarf og annað klúbbastarf á mánudögum klukkan 17-18:30 fyrir 8.-10.bekk. Sértækir hópar eru valdir í samstarfi við skólann og hugmyndir að klúbbastarfi fáum við frá unglingunum sjálfum. Einnig verður lögð sérstök áhersla í vetur á að efla þau til þátttöku í klúbbastarfi í Félkó miðstöðinni, sameiginlegu húsnæði fyrir allar félagsmiðstöðvar í Kópavogi. Þar stefnum við á öflugt klúbbastarf í Dungeons&Dragons hlutverkaspili, rafíþróttum og handavinnu. Forstöðukona Fönix fer með yfirumsjón með Dungeons&Dragons klúbbnum. Við munum auk þess sjá um þrjá valáfanga í skólanum sem eru leiklistarval, gerð árshátíðar myndbanda og undirbúningur fyrir Stíl, hönnunarkeppni Samfés.

Við höfum alltaf fengið góða mætingu í frímínútum, hádegishléi og eftir skóla og munum því halda áfram að vera með þær opnanir frá mánudegi til fimmtudags. Það eru aðrir hópar sem mæta til okkar á þessum tíma heldur en á kvöldin og því þykir okkur mikilvægt að halda í þessar opnanir. Einnig nýta unglingarnir sér að koma til okkar þegar það kemur eyða í stundatöflu hjá þeim. Á þeim tímum sem við erum ekki í húsi, sem er aðallega á mánudags- og miðvikudags morgnum hefur skólinn fengið að rýmið okkar undir hópavinnu og þess háttar.

Við erum í stöðugum samskiptum við skólann varðandi börn og unglinga og mál sem þarf að taka á ásamt því að ræða um sameiginleg mál og viðburði. Fundir með aðstoðarskólastjóra eru eftir þörfum. Reglulega eigum við fundi og samtöl við kennara og annað starfsfólk. Forstöðukona situr nemendaverndarráðsfundi og er í forvarnarteymi skólans og aðstoðar forstöðukona Fönix og námsráðgjafi eru saman í teymi um undirbúning barnaþings. Þá situr forstöðukona einnig teymisfundi ákveðinna unglinga sem þroskaþjálfi telur þörf á. Við erum ávallt í samskiptum við skólann þegar kemur að sértæku hópastarfi og skoðum hvaða hópar eða einstaklingar þurfa á slíku starfi að halda. Einnig erum við með starfsmann sem gegnir hlutverki stuðningsfulltrúa einu sinni í viku til að koma til móts við unglinga með stuðningsþarfir. Það sýndi sig í fyrra hvað þessi stuðningur skipti miklu máli og viljum við því halda áfram með það í vetur.

Viðburðir

Helstu viðburðir ársins eru árshátíð, jólaball, 8.bekkjarkvöld, gistinótt fyrir 10.bekk, kökukeppni, söngkeppni, útivist, heimsóknir, afmælisveisla, karaoke, ÍTK vikan, rafíþróttamót og ýmsar fræðslur. Þetta er ekki tæmandi listi en félagsmiðstöðvaráð kemur svo að því að skipuleggja fleiri viðburði. Jólaball og árshátíð eru unnin í samvinnu með skólanum, en við tökum einnig þátt í öllum helstu viðburðum skólans yfir árið, líkt og fjölgreindarleikunum, kosningaverkefni að vori, árbókakvölds 10.bekkjar, útskrift 10.bekkjar, fjáröflun 10.bekkjar fyrir útskriftarferð og fleira. Helstu sameiginlegu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

viðburðir félagmiðstöðva í Kópavogi eru ÍTK vikan, forvarnarvikan, jólaball, rafíþróttamót, nýársball, Getkó, Vika 6, Sköpunardagurinn, skíðaferð, söngkeppni og lokahátíð Félkó. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna og Samfés eru meðal annars landsmót, félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan, rappkeppnin Rímnaflæði, rafíþróttamót, danskeppni, hönnunarkeppnin Stíll, Samfestingurinn, söngkeppnin og leiktækjamót. Einnig eru starfsmannaviðburðir á borð við starfsdaga, aðalfund og Samfés con.

Hópastarf

Allt okkar starf er opið starf en ef við teljum þörf á að vera með sértækt hópastarf til að ná til þeirra unglinga sem þarfnast félagsleg stuðnings, sporna gegn áhættuhegðun og eða efla ákveðna hæfni þá gerum við það. Slíkt er oftast gert í samstarfi við skólann og forsjáraðila. Við erum í góðum samskiptum við aðila innan skólans sem sér um mál nemenda með annað móðurmál en íslensku sem og nemendur sem eru félagslega einangraðir, sækja sértæka félagsmiðstöð (Hrafninn) eða eru með annars konar vanda. Skólinn vinnur mjög gott starf með þessum nemendum og fær oft aðstoð og ráðleggingar frá starfsfólki Fönix eða aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar að láni. Við erum einnig með opið klúbbastarf í gangi yfir veturinn en þau þurfa ekki að skrá sig eða skuldbinda sig til að taka þátt heldur er klúbburinn opinn öllum þeim sem hann vilja sækja hverju sinni.

Dungeons & dragons hlutverkaspil hefur notið mikilla vinsælda í Fönix síðustu ár og verður áfram í boði fyrir hópa að fá aðstoð frá starfsfólki og nýta aðstöðuna okkar og efnivið sem til þarf, en við erum sífellt að bæta við okkur búnaði sem þarf til spilunar. Hópurinn sem kemur til okkar að spila finnur oft ekki samleið með öðrum hópum innan skólans og því er mikilvægt að veita þeim rými og aðstoð til að rækta sín áhugamál hjá okkur. Með því erum við að vinna beint með greinar 15 og 31 í Barnasáttmálanum. Við vinnum einnig að markmiðum þeirra greina með því að halda úti félagsmiðstöðvaráði og leita reglulega til allra unglinganna og fá þeirra skoðanir og hugmyndir að því hvernig starfinu okkar er háttað, þá sér í lagi klúbbum, hópastarfi og dagskrá. Við vinnum einnig markvisst í gegnum starfið okkar að greinum númer 2, 12, 13, 15, 29, 31, 33 og 42. Þannig má segja að starfið okkar sé byggt upp á áðurnefndum greinum Barnasáttmálans þar sem við leitumst við að halda að þeim forvörnum, vera öruggur staður fyrir þau, hafa þau með í ráðum varðandi flest sem við gerum, hlusta á þau og trúa þeim og veita þeim rými til þess að þroskast og eiga heilbrigð samskipti við jafnaldra og starfsfólk. Aðstoðar forstöðukona Fönix er í teymi ásamt starfsfólki skólans að undirbúa Barnaþing Kópavogs sem heyrir beint undir verkefni innleiðingar á heimsmarkmiðunum og barnasáttmálanum.

Sumaropnun félagsmiðstöðvar

Fönix stóð fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni í fimmta sinn í sumar. Líkt og árið áður var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 12 ára börn en í ár vorum við með tvær smiðjur á viku, einnig héldum við áfram með sértækt hópastarf í 3 vikur í samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs ásamt og dag- og kvöldopnunum fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar voru Smáratívolí, Fótboltaland, brunch gerð, brjóstsykursgerð, Tie dye bolamálun, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og cake-pop bakstur. Starf fyrir unglinga var í formi sértæks- og skipulags hópastarfs, vettvangsferða og viðburða. Einn hópur var í sértæka starfinu sem samanstóð af sjö stelpum í 8.bekk og þremur stelpum í 9.bekk. Valið var í hópinn í samstarfi við kennara í unglingadeild skólans. Markmið hópanna var að efla þau félagslega ásamt því að bjóða þeim í afþreyingu og skemmtun við þeirra hæfi. Meðal annars var farið í hópefli, postulínsmálun á Noztra, Hoppland þar sem hoppað er í sjóinn á Akranesi, Reykjavík Escape,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

jafningjafræðslu og fleira. Á almennum sumaropnunum var meðal annars farið í kubb, spil, folf, körfubolta, Fönix leikana, útileigu og fleira. Þar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Þau sem voru hjá okkur í sértæka hópastarfinu komu inn í gegnum vinnuskólann og fengu greitt fyrir að mæta til okkar. Markmið þessa starfs var að fá inn unglinga sem þurfa stuðning til að bæta sig í félagslegum samskiptum, og var það okkar hlutverk að efla þau og styrkja í gegnum samveru og leiðsögn. Einnig lögðum við sérstaka áherslu í ár á að efla sjálfstraust, samskiptahæfni og vinasambönd þátttakenda.

Barna- og unglingaráð

Í vetur verðum við líkt og áður með virkt unglingaráð sem tekur ákvarðanir um dagskrá, viðburði, böll og þess háttar. Ekki verður kosið í ráðið heldur munu vera haldnir fundir yfir veturinn sem öllum sem hafa tíma og áhuga býðst að mæta á. Í skólanum er virkt nemendaráð sem fundar reglulega og ræðir málefni unglingastigs ásamt því að fjölbreytt og virkt lýðræðislegt starf fer stað innan skólans í samstarfi við félagsmiðstöðina og á okkar vegum. Má þar nefna barnaþing, ungmennaþing, Okkar skóli og kosningaverkefni að vori.

Einnig munum við halda áfram að hitta börn á miðstigi til þess að fá hugmyndir að dagskrá og viðburðum fyrir þeirra aldurshóp, en erfiðara er að ná þeim í fast ráð líkt og hjá unglingunum. Hér er samstarf félagsmiðstöðvar og skóla lykilatriði svo að raddir allra barna fái að heyrast.

Félkó ráð

Í Félkó ráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkó ráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum, Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Foreldrasamstarf

Foreldrar fá tölvupósta á íslensku og ensku þegar við viljum senda út fréttir eða upplýsingar um viðburði ásamt því að senda fréttabréf í byrjun hvers mánaðar. Þeim er einnig boðið að fylgja okkur á Instagram þar sem við setjum inn auglýsingar fyrir alla viðburði og ýmsan fróðleik. Einnig reynum við eftir fremsta megni að vera í samskiptum við foreldrafélag og foreldrarölt Salaskóla. Í ár hvöttum við foreldra til þess að vera í virkum samskiptum við okkur og segja okkur frá því sem þeim finnst ganga vel og einnig því sem má betur fara. Einnig býðst þeim núna að senda okkur skilaboð á Sportabler varðandi viðburði og annað sem tengist félagsmiðstöðinni.

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar (frístundadeild) 2023

Þau verkefni sem unnin verða á árinu 2025 tengjast áframhaldandi þróun Félkó miðstöðvar og að auka samstarf og samfellu milli frístunda og félagsmiðstöðva.

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagshæfni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Áhersla er á að allir geti tekið þátt óháð aldri, áhugasviði og getu og fái tækifæri til að nýta styrkleika sína. Tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku sé sömuleiðis tryggð. Unnið verði eftir viðurkenndum aðferðum við hæfniuppbyggingu sem nýtist í námi og leik, og til að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Einnig að gæði starfsins og öryggi þátttakenda sé í fyrirrúmi og að unnið verði gegn hvers kyns mismunun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og gott aðgengi að símenntun.

Með það að leiðarljósi er stefnan að koma á sérhæfðri þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar í Félkó miðstöðinni með það að markmiði að þau upplifi sig öruggari og ánægðari í starfi.

Þá stefnum við að því að setja á fót tilraunaverkefni í tveimur félagsmiðstöðvum og frístundum með áherslu á aukið samstarf. Stofnaður verður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að auka það samstarf, með áherslu á aukin gæði þjónustu og fagstarf í frístundaþjónustu.

Verkferlar

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Ytra og innra mat

Ytra mat

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi.

Hinsvegar er um að ræða foreldrakönnun sem lögð var fyrir foreldra allra unglinga í 8.-10.bekk. Bæði unglingar og foreldrar eru hvött til þess að svara þrátt fyrir að þau eða þeirra unglingar nýti sér ekki starf félagsmiðstöðvarinnar.

Svör unglinga úr þjónustukönnun voru á heildina litið mjög jákvæð og gátum við stolt lesið yfir þeirra athugasemdir sem flestar voru á þá leið að við værum öruggur staður fyrir unglinga til að vera á auk þess sem tækifæri til aukinna félagslegra tengsla væru mikil. Þau líkt og svör foreldrakönnunar gáfu til kynna vildu þó fá stærra rými og meiri opnunartíma. Úr þjónustukönnun til foreldra gátum við svo sett í umbótaáætlun að vinna að betra aðgengi að stjórnendum og að kynna betur opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar

Innra mat

Starfsfólk fer yfir niðurstöður þjónustukannanna á fundi að hausti og setur sér markmið fyrir komandi starfsár sem byggist bæði á þeim niðurstöðum og eigin mati. Dagskrárliðir fyrra árs eru endurskoðaðir og vinsælir viðburðir eru haldnir aftur og metið hvort aðrir verði endurteknir eða jafnvel felldir niður. Við vorum sammála um að síðasta starfsár gekk mjög vel og erum því að keyra mikið á því sama með einhverjum undantekningum sem koma þá fram í umbótaáætluninni hér að neðan.

Umbótaáætlun

Við nýtum bæði kannanir að vori, ábendingar og innra mat til þess að búa til umbótaáætlun fyrir árið.

Tækifæri til umbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar
Viðfangsefni sem þarfnast umbóta	**Hvaða aðgerð (ir)stuðlar að umbótum**	**Hvenær hefst og hvenær lokið**	**Hver ber ábyrgð á að umbætur komist til framkvæmda**	**Hvernig á að meta hvort aðgerðir skila umbótum**	**Hvenær á að meta hvort aðgerðir hafa skilað árangri**
Sýnilegra aðgengi að stjórnendum	Auglýsa betur og oftar viðverutíma forstöðukonu og aðstoðar forstöðukonu	Ágúst 2024 og lýkur aldrei	Forstöðukona	Spyrja hversu aðgengilegir stjórnendur eru í foreldrakönnun	Vor 2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Kynna betur opnanir félagsmiðstöðvarinnar	Búa til skjal með útskýringum á opnunum og tímasetningum	Ágúst 2024 Október 2024	Forstöðukona og aðstoðar forstöðukona	Spyrja hvort starfið hafi verið vel kynnt fyrir foreldrum yfir veturinn í foreldrakönnun	Vor 2025
Efla mætingu hjá 10.bekk	10.bekkjar kvöld oftar og sértækari viðburðir með þeim	Ágúst 2024 Maí 2025	Forstöðukona og aðstoðar forstöðukona	Skoða mætingatölur hjá 10.bekk og bera saman	Vor 2025
Klára að innrétta nýtt rými á efri hæð í samvinnu við skólann	Funda með skólanum og kaupa inn	September 2024 Desember 2024	Forstöðukona og aðstoðar forstöðukona	Ef rýmið er tilbúið til notkunar	Desember 2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Símenntunaráætlun

Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025

Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst Kl 17.00-22.00	**Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn**	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst Kl. 17.00-20.00	**Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla**	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	**Starfsdagar Samfés**	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október Kl. 17.00-19.00	**Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan**	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Þeba	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	**Verkfærakistu-dagur**	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smiðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	**Spilavinir**	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	**Samfés-Con**			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	**Vika 6**	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	**Verkfærakistu-dagur.**	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	**Fræðsluferð**	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	**Sjúkást**	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Fjöldatölur veturinn 2023-2024



Vetrar opnanir hófust 28.ágúst og stóðu til 31.maí. Sumaropnanir voru frá 1.júní til 8.júlí.

Starfsfólk

Tinna Heimisdóttir – Forstöðukona
Harpa Rós Guðmundsdóttir – Aðstoðar forstöðukona
Hinrik Snær Katrínarson – Frístundaleiðbeinandi
Þórunn Soffía Snæhólm – Frístundaleiðbeinandi
Hlynur Þór Guðmundsson – Frístundaleiðbeinandi
Daníel Hugi Magnússon – Frístundaleiðbeinandi
Hrafnhildur Anna Hannesdóttir – Frístundaleiðbeinandi með stuðning

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026